

Góðir gestir,

Ég frétti í gær að langskólamenntaður Íslendingur, sem talinn hefur verið framúrskarandi fagmaður á sínu sviði, hefði ráðið sig sem iðnaðarmann hjá álveri. Það er ekki langt síðan við undruðumst það að við almenn verkamannastörf hérlandis störfuðu hámenntaðir Austur Evrópubúar. Nú kann þetta að snúast við og hámenntaðir Íslendingar leiti nú í störf sem ekki krefjast langskólamenntunar.

Það hafa margir haft á orði að íslenskt þjóðfélag sé að færast aftur til fortíðar þessa dagana. En þó svo að hópur fortíðardrauga hrelli okkur nú um stundir í bland við glænýja drauga sem heimsbyggðin hefur ekki þurft að kljást við áður (undirmálslán, fjármálavafninga, skuldatryggingarálag, vogunarsjóði og skortsala) þá fer því víðs fjarri að hér hafi allt færst aftur um 15,20 eða 30 ár.

Það gæti reyndar gerst ef við bregðumst ekki við af krafti. Það er gott að hefja umræðu um *farseðil til framtíðar* eins og yfirskrift þessa málþings ber með sér og kannski er ekki síður þarft að ræða á hvaða áfangastað við stefnum. Áður en lengra er haldið óska ég BHM hjartanlega til hamingju með 50 ára afmælið og framtíðina.

Að hefja uppbyggingu

Við höfum sett umtalsverða orku í menntun þjóðarinnar og á óvissutímum sem þessum þurfum við að nýta þessa menntun sem best – finna leiðir til að skapa úr henni verðmæti og velsæld fyrir fólkið í landinu. Við þurfum að nýta alla okkar krafta til að komast yfir áfallið og halda áfram – hefja uppbygginguna strax.

Það má hins vegar segja að öll umræða einmitt þessa dagana um allra næstu ár sé erfið. Rykið er einhvern veginn ekki sest. Ég hlustaði á sérfræðing í krísustjórnun fyrir nokkrum dögum sem benti á að í svo alvarlegri krísu sem hér gengur yfir þá sé þjóðin að ganga yfir tímabil sem fyrst felur í sér undrun og ótta og síðar reiði og jafnvel eins konar sorgarferli. Loks taki við einhvers konar uppbygging og leit að tækifærum til framtíðar - vonin.

Vandinn er að hluta til sá nú að þótt margir vilji hefja uppbygginguna núna strax þá er þjóðin enn á ólíkum stigum þessa ferlis. Sumir lifa enn í ótta um að missa vinnuna eða fá lítinn ævisparnað til baka, aðrir eru fullir

réttlátrar reiði yfir þeim skuldabagga sem kann að fylgja komandi kynslóðum(þótt það sé reyndar mjög óvisst), o.s.frv. Þjóðin fer sem heild ekki í uppbyggingarfasann strax en við getum og eigum að hefja undirbúning að því nú strax.

Auðlindin sem stækkar við notkun

Hvernig nýtum við best menntun á tímum eins og þessum? Við búum svo vel að eiga ríkulegar endurnýjanlegar auðlindir á Íslandi og ein þeirra er menntun sem er nokkuð merkileg auðlind. Menntun er nefnilega eina auðlindin sem hefur þann eiginleika að því meira sem gengið er á hana því hraðar breiðist hún út. Núi reynir einna mest á þessa makalausú auðlind. Það reynir kannski ekki á hana í hefðbundnum skilningi þ.e. að menntaður einstaklingur hagnýti sér að fullu menntun sína á vinnumarkaði næstu ár eins og álversdæmið hér að framan sýnir. Það er ljóst að einhverju leyti að að óbreyttu breiðist þessi auðlind minna út en áður þar sem fólk nýtir hana takmarkað. Eða hvað?

Erlendur blaðamaður, sem hingað kom furðaði sig á ýmsu við Íslendinga í samtali við mig. Hann sagði að hann hefði sent frétt frá Íslandi til blaðsins í heimalandinu og fengið ákúrur fyrir það hjá ritstjóranum að í fréttinni væri engin krísa! Blaðamaðurinn sagðist hafa reynt að fá Íslendinga til að lýsa krísunni en þeir væru ófáanlegir til þess að sýna birtingarmynd hennar sem sýndi hreinar hörmungar. Hann nefndi sérstaklega við mig að hann hefði heyrt af því að menntafólk úr bönkum væri nú að fara að vinna verkamannastörf. En jafnvel þeir bankamenn hefðu ekki talið að allar dyr stæðu þeim lokaðar til framtíðar!

Við höfum áður gengið í gegnum erfiðleika og áður höfum við horft upp á langskólamenntað fólk leita uppi tækifæri á sviðum þar sem minni menntunar er þörf. Þetta er auðvitað alls ekki æskilegt til lengri tíma lítið en við þekkjum þetta og svona kemur okkur þrátt fyrir allt ekki á óvart. Það er einmitt þessi sveigjanleiki sem gerir okkur svo vel í stakk búin til þess að mæta áföllum af þessu tagi. Og þessi sveigjanleiki kemur til vegna þess að við erum með rétt hugarfar.

Það má því segja að bakgrunnur okkar hér, nám og önnur reynsla, geri okkur betur búin, við erum eiginlega mörg með stærri verkfæratösku en þekkist hjá menntafólki víða um heim. Við tökumst á við verkefnin af vissri auðmýkt og setjum okkur ekki sem einstaklingar á ofan háan stall á tímum sem þessum. Vegna hás atvinnustigs þá höfum við flest fjölbreyttan bakgrunn í vinnu sem teygir sig allt aftur til unglingsára.

Víða um heim er vandinn sá að menntað fólk tekur ekki störf "fyrir neðan sig" eins og það heitir. Það er viðtekin venja. Frekar er það atvinnulaust!

Tækifærin koma ekki til okkar á færibandi – við þurfum að leita þau uppi og til þess að það sé hægt þarf fólk að vera sveigjanlegt – hugsa út fyrir rammann og nýta sér þá menntun sem það hefur – jafnvel í verkefni sem það hefur ekki beint menntað sig til. Oft er það raunin í okkar litla landi þar sem fjölbærni er lykilorð. Íslendingar hafa upp til hópa menntað sig síður til að sinna tilteknum og mjög afmörkuðum störfum heldur til þess að þjálfa sig upp í að nýta ólík tækifæri?

Mér er oft hugsað til Íslendinga sem fór að vinna hjá bandarískri auglýsingastofu eftir að hafa stundað nám og starfað hérlendis. Þegar út var komið fékk hann bás á 13. hæð í höfuðstöðvum stóru stofunnar. Fljótlega áttuðu samstarfsmenn hans sig á því að hann hafði starfað með einum eða öðrum hætti við allan ferilinn á meðan flestir starfsfélaganna höfðu sérhæft sig á mjög þröngu sviði í auglýsingagerð. Hann hafði fylgt málum frá samskiptum við viðskiptavin til prentsmiðju eða birtingar í ljósvaka. Þessi þekking á öllu ferlinu gerði hann betur í stakk búinn til að mæta áskorunum og hann eins og margir Íslendingar á erlendri grundu hefur náð góðum árangri í starfi sínu erlendis.

Hugmyndir

Það hefur verið mjög ánægjulegt á undanförunum dögum að heyra af því hvernig fólk bregst við í vanda og tekur þegar í stað að huga að framtíðinni og hvernig það geti lagt sitt af mörkum. Í stóru fyrirtæki sem hefur kynnt SA hugmyndir sínar tóku starfsmenn sig saman og bjuggu til sína eigin aðgerðaráætlun um hvernig ætti að mæta núverandi efnahagsþrengingum. Saman teiknuðu starfsmennirnir upp sóknarfæri og leituðu stuðnings. Könnuðu möguleikann á að innleiða hér nýjar atvinnugreinar og hvernig mætti auka verðmæti framleiðslu í landinu með ýmsum hætti. Allir lögðu sitt af mörkum, hvort sem þeir voru með próf í sameindalíffræði, iðnaðarverkfræði eða einhverju allt öðru – þau fóru sínar eigin leiðir og veltu fyrir sér hvernig hægt væri að halda áfram. Það bað þau enginn um að gera aðgerðaráætlunina – þau gerðu hana að eigin frumkvæði og það þurfa fleiri að gera.

Samkvæmt nýrri könnun SA mun störfum fækka um meira en 7000 á þessu ári. Við gætum jafnvel horft upp á 6-8% atvinnuleysi á næsta ári sem yrði mesta atvinnuleysi sem við höfum séð í meira en áratug. Höfum þó í huga að margar þjóðir heims glíma við mun meira atvinnuleysi en

Það og í evrópsku samhengi er það jafnvel lítið – en við eigum alls ekki að sætta okkur við það. Gangi okkur vel að fóta okkur á ný má síðan búast hér við hagvexti á ný árið 2010.

Miðað við ástand mála voru margir hissa á niðurstöðum könnunar SA og töldu að fyrirtæki þyrftu að segja upp miklu fleira fólki. 40% fyrirtækja ætla að halda sínu starfsfólki og 14% að fjölga á árinu. En þetta sýnir kannski breytta tíma og hversu áhugasamt atvinnulífið er að halda sem flestum vinnandi höndum að verki. Ástæðan er einfaldlega sú að hagsmunir fyrirtækja og starfsmanna hafa runnið miklu meira saman en áður – fólk vinnur saman að því að ná árangri og fyrirtækin skynja það að mesta hættan er að úr þessu samstarfi slitni, gjá myndist og það trausta samband sem víða hefur myndast glutrist niður. Fyrirtækin þurfa á fólkinu að halda.

Um leið og SA sáu í hvað stefndi í efnahagslífinu höfðu samtökin forystu um það að dyr háskóla og menntastofnana yrðu opnaðar fyrir fólki sem verður fyrir því að missa vinnuna. Undirtektir hafa verið mjög jákvæðar og það eru mjög fjölbreyttar námsleiðir sem fólk getur farið til að styrkja stöðu sína. Samtökin hafa jafnframt gert samstarfssamning við Nýsköpunarmiðstöð Íslands um eflingu atvinnusköpunar fyrir félagsmenn samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja en meðal þeirra er margt mjög hæft fólk sem getur hjálpað til við að rífa okkur upp úr þeirri lægð sem hefur skolið á okkur. Áfram verður haldið á þessari braut og reynt að leggja sem flestum lið óháð atvinnugreinum.

Mig langar að taka dæmi eitt dæmi af sveigjanleikanum hjá Samtökum starfsmanna fjármálafyrirtækja sem lýsir hugarfari fólks vel. Samtök starfsfólks fjármálafyrirtækja áttu frumkvæðið að því að óska eftir því að SA og Nýsköpunarmiðstöð ynnu með þeim að því að skapa nýsköpunarumhverfi fyrir fjármálafólk. Hugmyndin var sú að á næstu árum yrðu til lítil boutique fjármálafyrirtæki eða önnur nýsköpunarverkefni. Það tók ekki nema fáeina daga fyrir þessi samtök að hugsa sig upp á nýtt, leita tækifæra fyrir atvinnulausa starfsmenn, en þetta var verkefni sem ekki hafði verið hluti af starfsemi eða markmiðum samtakanna. Það er hreint ótrúlegt hve aðlögunarhæfnin er mikil hérlandis. Það fyllir mig líka bjartsýni um að við komumst fljótt út úr vandræðunum.

Við þurfum að nýta auðlindir okkar með sjálfbærum hætti og þar með talið háskólana og tengja þá betur við atvinnulífið – brjóta niður múra sem eru til staðar í dag. Ef það tekst sjá allir mikilvægi þess að auka og bæta menntun landsmanna og veita til hennar nauðsynlegu fjármagni en háskólasamfélagið má ekki loka sig af - það verður að vera í góðum tengslum við land og þjóð. Gleymum því ekki að Marel byrjaði sem lítil

hugmynd tveggja manna í Háskóla Íslands árið 1978 sem þróaðist áfram með góðum stuðningi íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja. Stuðningskerfi við sprotafyrirtæki var ekki til og áhættufjármagn ekki heldur en þrátt fyrir fjölmargar hindranir er Marel í dag glæsilegt alþjóðlegt fyrirtæki með á þiðja þúsund starfsmanna. Hvað eru mörg Marel á útungunarstigi í háskólum Íslands í dag, í HÍ, HR, HA, Bifröst, í Keili og víðar. Hugsum aðeins um það – kannski eitt í hverjum skóla?

Hugarfar

Ég hef stundum haft á orði að hugarfar þjóðar sé eins og geymslan í gömlu auglýsingunni um spariskírteini ríkissjóðs. Þar úði og grúði af alls kyns dóti, fótanuddtækið, sóðastrem o.s.frv. Í geymslunni í huga þjóðarinnar var sagan og skáldin, svo bættust við útrásarvíkingarnir o.s.frv. Síðan kom kreppan og inn í geymsluna streymdu ný viðhorf, andúð á útrás, andúð á græðgi og **efasemdir um ungt fólk með hugmyndir!**

Öll hundruð verkefnanna sem voru í undirbúningi í útrás hvers konar þegar kreppan skall á mega ekki vera töluð niður af þjóðinni. Verkfræðistofan sem var komin til Eyststrasaltsríkjanna, íslenski hönnuðurinn í London, íslenski bakarinn í Boston, íslenska orkufyrirtækið í Asíu, fisksalinn sem hugðist opna útibú í Kensington, íslenska leikjatölvan sem stefndi á markað í Evrópu, sjávarútvegsfyrirtæki sem hugðist hefja veiðar á fjarlægum slóðum og svona mætti lengi telja. Gerum þetta fólk ekki að blóraböggjum þess ástands sem nú hefur skapast. Sláum fremur skjaldborg utan um þetta fólk og alla hina sem eru bæði hér og erlendis að leita tækifæra sem geta aukið fjölbreytni.

Alvarlegasta ógnunin við framtíð Íslands er ekki skuldsetning heldur að hugarfarið breytist til hins verra. Við fáum hert og heiftúðugt hugarfar þar sem kallað er eftir nýju Íslandi, Íslandi þar sem vantrú ríkir á öllu sem viðkemur einkaframtaki og gróða og þar sem þeir sem græða verði útnefndir gróðahyggjumenn og þeir sem tapa eru útnefndir aukvisar. Þarna á milli eru síðan starfsmenn gríðarlegrar og vaxandi flóru opinberra fyrirtækja þar sem ungir stjórnálmenn eða traustir flokksgæðingar sitja í stjórnnum og gæta hagsmuna hins breiða fjölda landsmanna.

Ef það er planið að lemja niður ungt og vel menntað fólk sem hefur sýnt frumkvæði og dugnað þá erum við á rangri leið. Það er hvorki skynsamlegt né æskilegt að heil kynslóð ungs fólks **stimpli sig út** og

hverfi til annarra landa – við þurfum á þessu fólki að halda hér heima en að sjálfsögðu þurfa Íslendingar að halda áfram að mennta sig út um allan heim og sækja sér dýrmæta reynslu og tengsl.

Tímamót

Við stöndum í dag á tímamótum og þurfum að klást við risavaxið verkefni. Við þurfum að endurskoða margt í okkar þjóðfélagi, m.a. að efla gagnrýna hugsun og finna leiðir til að efla sjálfstraust fólks í gegnum menntakerfið. Það má ekki gerast að vonleysi skjóti rótum meðal ungs fólks, langvinn heift nái að grafa um sig og efasemdir um Ísland! Við þurfum einnig að finna leiðir til að draga úr hjarðhegðun en fyrst og fremst þurfum við að halda áfram að vera dugleg og frísk í hugsun.

Íslendinga eru hoknir af reynslu í að kljást við áföll, náttúruhamfarir ýmis konar, jarðskjálfta, eldgos og aflabrest svo fátt eitt sé nefnt. Nú er komið að fjármálakrísunni og við munum afgreiða hana en til að svo megi verða þurfum við að nýta menntun okkar og bakgrunn meira en nokkru sinni.

Ég er viss um að langskólamenntaði maðurinn sem hóf störf sem iðnaðarmaður hjá álveri snúi aftur. Hann er hönnuður. Kannski mun ný reynsla hans gera að verkum að hann kemur með þýðingarmikla reynslu á sitt sérsvið síðar; kannski munum sjá betur hannaðar ál- eða kísilflöguverksmiðjur rísa. Það væri þarft verk.